



## 497. Stjórnarfundur haldinn 14. desember. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Birgir Már Bragason (BMB)

### 1. Fundagerð síðasta fundar

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf.

Tölvupóstur frá Bjarna Sigurðssyni formanni skotdeildar v/árangurs Theodórs Kjartanssonar. **Móttekið.** Bréf frá Jóni Benediktssyni formanni knattspyrnudeildar v/heimildar til yfirdráttar. **Móttekið. Samþykkt og framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.**

Jólakort frá Prótti í Vogum, en þeir eru komnir á kortið. **Móttekið.**

### 3. Send bréf.

Tvö erindi send á Landsbankann Íslands Reykjanesbæjarútibúi v/ heimildar knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildar Keflavíkur til yfirdráttar.

### 4. Íþróttakona- og maður Keflavíkur 2017.

Heiðrun á íþróttafólki Keflavíkur fer fram í hófi föstudaginn 29. des. kl. 18:00 í félagsheimili Keflavíkur. Farið yfir íþróttamenn- og konur hverrar deildar og síðan ákveðið hver yrði íþróttakona- og karl Keflavíkur 2017. Nokkrar umræður urðu um valið.

### 5. Önnur mál.

Samningur við knattspyrnudeild Keflavíkur v/láns á Hringbraut 108 undir flugeldasögu lá frammi.

EH sagði frá því að hann færi á fundi vegna fyrirhugaðs skautasvells á malarvöllinn mánudaginn 18. des.

EH sagði frá því að bókahald félagsins væri bókað nánast til dagsins í dag en sumar deildir eigi eftir að skila bókhaldinu inn til aðalstjórnar.

Næsti fundur verður boðaður.

Fundi slitið 19:00 Fundinn ritaði BS.

